

**jasper morrison**

**marc newson**

**michael young**



---

**Jasper Morrison, Marc Newson & Michael Young**  
« Design »

**mars - maí 1999**  
Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalsstaðir  
*Reykjavík Art Museum*



## 03 Inngangur *Introduction*

Eiríkur Þorláksson - forstöðumaður - Director

Tuttugasta öldin hefur verið öld byltinga á öllum sviðum. Hinir fornu þættir íslenskrar þjóðmenningar hafa verið endurmetnir, og við höfum leitað fanga utan landsteinanna um hvað mætti verða þjóðinni að gagni, bæði í listum, verkmenningu og húsagerð, svo dæmi séu tekin.

Við höfum notið þeirrar gæfu í hönnunarmálum að íslenskt listafólk hefur leitað víða í menntun sinni. Hin norræna þróun hefur ætíð stáðið okkur nærri, og verið vel kynnt hér í gegnum fjölda sýninga. Hönnun frá öðrum hornum heimsins hefur ekki verið jafntíður gestur, en með þessari sýningu vill Listasafn Reykjavíkur leggja sitt af mörkum til að vikka sjóndeildarhring okkar á þessu sviði.

Þeir Jasper Morrison, Marc Newson og Michael Young eru, þrátt fyrir ungan aldur, þegar á meðal hinna fremstu á alþjóðavettvangi á sviði hönnunar. Verk þeirra eru kynnt í öllum helstu hönnunarritum samtímans, og listinn yfir þau fyrirtæki sem þeir starfa fyrir er nær samhljóða skrá yfir virtustu hönnunaryrirtæki heims.

Það er mikill fengur fyrir Listasafn Reykjavíkur að geta boðið þá félagamönnum á Kjarvalsstaði. Við vonum að Íslendingar eigi eftir að njóta sýningarinnar, sem býður upp á hönnun eins og hún gerist best nú undir lok árþúsundsins.

*The 20th century has been a century of revolution in all fields. The ancient foundations of Icelandic national culture have been re-evaluated, and we have looked abroad for what might be useful to the nation, both in the arts, industry and architecture, to name a few fields.*

*We have been fortunate in the field of design in that Icelandic artists have searched far and wide in their education. The Nordic development has always been close to our hearts, and has been well known here through numerous exhibitions. Design from other parts of the world has not been as frequent a guest, but with this exhibition the Reykjavik Art Museum is hoping to widen our horizons on this field.*

*Jasper Morrison, Marc Newson and Michael Young are, in spite of their young age, already among the most prominent artists in the international field of design. Their creations can be found in all the contemporary publications on design, and the list of the firms they work for reads like the list of the most respected design firms in the world.*

*It is a great chance for the Reykjavik Art Museum to be able to welcome these friends to Kjarvalsstaðir. We hope that Icelanders will enjoy this opportunity to see design at its best as we near the end of the millennium.*

# 0405 Steinar frá Lundúnum *Stones from London*

Guðmundur Oddur Magnússon © Deildarstjóri við Myndlista- og handiðaskóla

Íslands – Dept. Director, Icelandic College of Art and Crafts

Einu sinni á góðri stundu spurði ég vitran vin minn hvernig á því stæði að hugmyndafræðilegt landslag íslenskrar samtíðar bæri svo sterk merki heimgæðs módernisma, sem þó byggði á hugmyndum sem runnar væru frá Suður-Pýskalandi millistríðsáranna?

Hann svaraði spámannlega: „Ef þungur steinn er látinn detta í kyrrt vatn þá fara af stað bylgjur í allar áttir ... þær eru sterkastar næst miðju en þegar þær breiðast út brotna þær á litlum steinum í vatninu og breytast, verða aðeins öðruvísi í laginu ... en engu að síður sama eðlis.“

Af einhverjum ástæðum sem ekki er gott að skýra til hlítar, en liggja ef til vill að talsverðu leyti í efnahagslegum og andlegum aðstæðum, verða til frumstöðvar eða miðstöðvar hugmynda sem móta menningarlífið, og berast síðan um heiminn líkt og bylgjur frá stórum steini sem kastað er í tjörn. Það má minna á Flórens og Feneyjar endurreisnarinnar, á Parísarborg á fyrri hluta þessarar aldar, eða á New York eftirstríðsáranna.

Hinn fjölvísi hélt áfram: „Við getum hugsað okkur að út frá þessum miðjum bylgist áhrifin; þetta er eins og ... þetta borð væri vatnsflötur og síðan væru litil sker, örsmáir steinar, og loks enn smærri sker ... allt breytir þetta lögun bylgjunnar. Við skulum taka gotíkuna ... hvar var miðstöð gotikurinnar? ... hún var í Saint Dounai ... og við þekkjum meira að segja manninn sem fyrstur fékk þær hugmyndir sem liggja henni að baki ... og þær fóru síðan sigurför um allan hinn vestræna heim á tveimur öldum. En skerin, smásteinarnir sem bylgjan rakst á, breyttu á einhvern hátt birtingarmynd gotikurinnar alstaðar á þeirri sigurför.“

Það sem þessi vitringur var að segja um gotíkuna gildir einnig um endurreisnina, barokkið, nýklassisismann og módernismann – það gildir raunar um allar þær hugmyndir sem rísa upp sem kröftugar bylgjur þegar stórir steinar falla í kyrran vatnsflöt.

Fyrir okkur eyjarskeggja norður í Dumbshafi vekur þetta upp spurningar um hvort þjóðleg list sé til, eða hvort við séum einfaldlega varnarlæst gagnvart innrásum erlendra hugmynda. Umræða um svokallaða þjóðlega list sprettur í fyrsta sinn upp í kjölfar upplýsingarinnar, á þeim tíma þegar sjálfstæðisfyrirlýsing Bandaríkjanna verður til, og í kjölfar byltingarinnar miklu í Frakklandi. Þá fara menn að leita að uppruna sínum, kafa í eigin sögu og menningu.

Þetta var upphafið að rómantísku stefnunni sem blómstraði á nítjándu öld, og dafnaði hér á landi fram á hina tuttugustu, en er – þegar öllu er á botninn hvolft – ekkert annað en erlend áhrif á íslenska menningarhugsum.

Þjóðleg list eins og sú sem Ríkarður Jónsson myndhöggvari stundaði eða sú sem felst í merkjagerð Tryggva Magnússonar kann að virka einkennileg þegar hún er unnin á jafn meðvitaðan hátt og þeir gerðu. Hinsvegar er öll góð list þjóðleg. Þær bylgjur erlendra hugmynda sem brotnað hafa á Íslandi, eins og sú rómantíska, brotna nefnilega allt öðruvísi hér en þær gera til dæmis í Skandinavíu, eins og meðal annars kemur fram í byggingarlistinni þar sem ein af ástæðunum var sú að Norðmenn áttu nóg af timbri, Danir múrstein – en Íslendingar höfðu aðeins torf og grjót. Menn verða að haga sér eftir efnun og ástæðum við tjáningu hugmynda sinna.

Jasper Morrison, Marc Newson og Michael Young eru steinar frá Lundúnum. Fjölbreytt verk þeirra sýna vel þann nýjan tíðaranda sem ef til vill verður um síðir notaður til að sýna skil við komandi aldahvörf. Um þyngd þessara steina (og þar með stærð þeirrar bylgju sem þeir eru að koma af stað) er erfitt að geta sér til á þessari stundu, en Lundúnir hafa fengið það orð á sig á síðustu misserum að þar sé nú meiri gróska í gangi á ýmsum sviðum en í flestum öðrum borgum. Þar séu stórir steinar að falla í vatnið.

Við Mörlandar höfum oftast kynnst tíðarandanum með ferðalögum til annarra landa, en á seinni árum ekki síður með aðstoð fjölmiðla – tímarita, sjónvarps og annarra myndmiðla. Með þessari sýningu gerist það, sem því miður gerist ekki oft, að bylgjur nýrra hugmynda berast til okkar hratt og örugglega, ferskar og lifandi, líkt og rekaviður í stórstraumi á okkar eigin heimafjörur.

Rekaviður af hafi eru hlunnindi sem við höfum alltaf kunnað að nýta okkur. (Hvað gerist nú?)

Once upon an opportune moment I asked a wise friend of mine why it was that the landscape of Icelandic contemporary thought showed such strong symptoms of vernacular modernism, even though it was based on ideas that came from the southern part of Germany during the period between the Wars?

He replied like a prophet: "Let a heavy stone fall into still waters, and surging waves will sweep in all directions ... they are strongest nearest to the center, but as they move outward they will break on small rocks in the environment and change – but only change slightly in shape ... but they will still remain of the same nature."

For some reasons that are not easily explained, but that are perhaps to a large degree due to economic and spiritual conditions, centers develop for new advances or the birth of new cultural ideas, ideas that then spread throughout the world like the waves from a big stone that is thrown into the calm waters of a quiet pond. One can point out Florence and Venice of the Renaissance, Paris in the first decades of this century, or New York after the Second World War.

My wise friend continued: "We can imagine that the waves of influence spread from these centers; this is like ... if this table were a surface of water, and then there would be like these small reefs, minute rocks, and finally bigger ridges ... all of which would alter the shape of the wave. Let's take the Gothic ... where was the center that the Gothic style originated from? ... It was at Saint Dounai ... and we even know the person who first had the ideas involved; and then the waves of this style conquered the western world in two centuries. But the reefs, the small rocks that the wave came up against, always changed something in the way that the Gothic style materialized in the different places during this conquest."

What this wise man was saying about the Gothic style is equally valid for the Renaissance, the Baroque, Neo-Classicism and Modernism – it is valid for all ideologies that rise as strong waves, when big stones fall into calm waters.

For us islanders north by the arctic seas this gives rise to questions about whether national art exists, or if we are simply defenseless against the invasions of foreign ideologies. The concept of so-called national art first came up in the wake of the Enlightenment, at the time of the Declaration of Independence by the United States of

America, and finally the great French Revolution. During this period people began searching for their own roots, submerging themselves into their own history and culture. This was the beginning of the Romantic movement, that blossomed in the 19th century, and continued to flourish in Iceland well into the 20th century, but which is – when everything is said and done – nothing but a foreign influence on Icelandic cultural thought.

National art, like the sculptor Ríkharður Jónsson was a typical representative of, and such as the symbolism of Tryggvi Magnússon, can seem strange when it is created with such awareness as they obviously had. On the other hand, all good art is national art. We must keep in mind that those waves of foreign ideas that have broken on the shores of Iceland, like that of Romanticism, were materialized differently here from how they were presented e.g. in Scandinavia; this can for instance be seen in architecture. This is partly due to the fact that the Norwegians had plenty of timber, the Danes had the clay brick – but Icelanders only had turf and rocks. And then people must work with the materials available to them to express their ideas.

Jasper Morrison, Marc Newson and Michael Young are stones from London, England. The variety of their creations shows extremely well the new spirit of the times, a spirit that at a later date may perhaps be used to mark a watershed near the coming turn of the millenium. The weight of these stones (and thus the size of the wave they are starting to send off) is hard to evaluate at this moment, but London has gained a reputation in the past few years for fostering greater vitality and creativity in a number of fields than can be seen in most other cities. That there are big stones falling into the water there.

We Icelanders have most often caught up with the spirit of the times through our travels to other countries, but lately just as much through the media – magazines, television and other visual media. With this exhibition something is happening that unfortunately does not happen very often; a wave of new ideas is coming to us very quickly, fresh and full of life, like driftwood at high tide onto our own shores.

Driftwood off the sea represents a case of serendipity, that we have always known how to put to good use. (What will happen now?)

# 0607 Lundúnir eru hlekkurinn

Marcus Field © ritstjóri Blueprint, alþjóðlegs tímarits um byggingarlist, hönnun og menningu samtímans

Lundúnaborg er ótvírátt sá hlekkur sem tengir saman verk hönnuðanna Marcus Newsons, Jaspers Morrisons og Michael Youngs. Þetta gæti þótt undarleg tenging þegar haft er í huga að Marc Newson er Ástrali og Michael Young býr á Íslandi, en gild rök liggja þó að baki þessari fullyrðingu.

Á 19. öld urðu Lundúnir háborg hins iðnvædda heims; þar mynduðust krossgötur nær alls fjármagns, þekkingar og framleiðsluferla heimsins. Nú í lok 20. aldar hefur bresk framleiðsla látið undan síga og aðrir staðir hafa tekið til sín bæði fjármagn og ákvörðunarvald í breskum iðnaði. Engu að síður er hin víðlenda höfuðborg Breta enn eitt mikilvægasta markaðstorg í heimi til öflugra viðskipta með fjármagn og hugmyndir.

Séu þessar staðreyndir teknar með í reikninginn – og jafnframt viðurkennt að hönnun felst í því að breyta hugmyndum í ápreiðfanga og nothæfa hluti – þá virðist það skyndilega afar eðlilegt að alþjóðleg hönnunarfyrirtæki hafa blómstrað í Lundúnum undanfarin ár. Þegar talið berst síðan að yngri kynslóð hönnuða í þessu breska samhengi eru fáir þekktari nú um stundir en þeir Newson, Morrison og Young.

Marc Newson er þrjátíu og fimm ára gamall, og flutti hönnunarfyrirtæki sitt frá París til Lundúna haustið 1997. Ferill hans, verk og vinnulag endurspeglar vel þá hnattvæðingu menningar og efnahagslífs sem hefur átt sér stað á síðari hluta 20. aldar. Hann fæddist í Sidney í Ástralíu og stundaði þar gullsmíðanám en sneri sér að húsgagnahönnun á síðasta skólaári sínu. Lífsreynsla æskuáranna í Eyjaálfu á sjöunda og áttunda áratugnum hefur veitt Marc stóðugan innblástur. Í fyrri verkum hans eru áhrifin augljós frá þeirri íþrótt sem Ástralír stunda af hvað heitastrí ástríðu, brimbrettasíglingunum. Önnur þemu Newsons eru alþjóðlegri og verk hans bera glögg vitni um myndheim samtímans, allt frá sportbilum og flugvélum til geymferða og vísindaskáldsagna.

Í fyrstu verkum Newsons eru þessi tengsl þegar augljós. Stóllinn „Lockheed Lounger“, sem Philippe Starck valdi í móttökusal Paramount-hótelisins í New York, er gerður úr hömruðum álplötum, og virðist eins konar handgerður virðingavottur við það einfalda ytra burðarvirki sem einkennir flugvélar. Við smíði „Orgone“-stólsins, sem er líka úr gljáfægðu áli, vann hann með ensku undirverktökunum sem smíða Aston Martin-bíla.

Auk þess að skapa þessa dýru handgerðu hluti hefur Marc Newson nú haslað sér völl sem iðnhönnuður. Meðal fyrirtækja sem hann hefur starfað fyrir eru Idee í Japan (hann bjó í Tókýó um fjög-

urra ára skeið) og ítölsku fyrirtækin Cappellini, B&B Italia, Magi og Flos. Meðal verkefna hans um þessar mundir er reiðhjól fyrir Westland-verksmiðjurnar í Bretlandi, innrétting í einkapotu og nýjar framleiðsluvörur fyrir Alessi.

Húsgagnahönnun Newsons (þar á meðal „Coast“-stóllinn og „Bucky“-boltinn) leiðir einnig í ljós mikinn áhuga á vinnuferlum og efnum, og það áhugamál er sameiginlegt honum og þeim Michael Young og Jasper Morrison. Hlutdeild Newsons í iðandi veitinga-húsa-, öldurhúsa-, lista- og tiskulífi Lundúna – sem og hinn sívaxandi hraði alþjóðlegra samskipta og ferðalaga sem eru hluti af daglegu lífi hans – endurspeglar ekki síst í litríkum, ærslafullum og hnyttum þáttum hönnunarverka hans.

Jasper Morrison, sem verður fertugur á árinu, stofnaði eigin hönnunarstofu í Lundúnum eftir að hann útskrifaðist frá Konunglegu Listakademíunni árið 1986. Líkt og Newson notar hann nú aðstöðu sína í Lundúnum sem miðstöð til starfa fyrir stóran hóp alþjóðlegra viðskiptavina, meðal annars Alessi, Flos og Cappellini á Ítalíu og Authentics og Hannover-borg í Þýskalandi, en fyrir hana hannaði hann sporvagn sem vakið hefur mikla athygli.

Í upphafi voru verk Morrisons og viðskiptavinir þó að mestu á heimaslóðum. Meðal fyrstu verkkaupa hans var húsgagnafyrirtækið Sheridan Coakley í Lundúnum. Morrison hannaði ýmsa hluti úr sveigðum stálrorum fyrir SCP, dótturfyrirtæki Coakley, og var þetta framleitt í Bretlandi. Þessi fyrstu verk – m.a. stólar og lítil borð – sýna vel áhuga hans á þróun modernna húsgagna í Bretlandi og á meginlandi Evrópu á árunum milli stríða.

Í öllum verkum hans – frá þessum fyrstu til hinnar alþjóðlegru hönnunar sem hann er að vinna að nú um stundir – má finna stóðugar vísbendingar um áhuga Morrisons á einfaldri og skýrri tjáningu forns og notagildis (takið t.d. eftir skrifunum í hinum finlega kross-víðarstól fyrir Vitra) og ekki síður um það yndi sem hann hefur á efnum og vinnuferlum, en því deilir hann bæði með Marc Newson og Michael Young. Meðal fjölbreyttra og ólíkra verka hans má nefna hönnun á gler (hinar frægu grænu flöskur fyrir Cappellini og nýleg „Glo-ball“-ljósaséria fyrir Flos), í plast (vínflöskustandurinn fyrir Magis), postulín („Moon“-borðbúnaðurinn fyrir Rosenthal), sem og verk sem unnin eru í hefðbundnari efni eins og tré og stál. Öll er þessi hönnun afar öguð og lýsir vel ábyrgðarfullum og nákvæmum vinnubrögðum Morrisons.

Verk Morrisons eru að sjálfsögðu alþjóðleg framleiðsla og verða til með hjálp síma, bréfsíma og stafrænnar tækni, en þau eru þrátt

fyrir það gædd sérstakri enskri högværð, ljóðrænni tilfinningu (eins og fram gengur af nöfnum á borð við „Stóll hins hugsandi manns“) og ákveðinni myndni (líkt og í „Op-la“ bakkanum fyrir Alessi, sem á ættir að rekja til hins hefðbundna bakka yfirþjóðsins).

Eins og Morrison stundaði Michael Young, nú þrjátíu og tveggja ára, nám í Kingston-háskólanum í Lundúnum. Eftir að hann útskrifaðist þaðan árið 1992 vann hann um tíma á verkstæði Toms Dixons, þar sem nauðsyn krúði hann, á sama hátt og Newson, til að skapa fyrstu verk sín í höndunum. Árið 1995 setti hann á fót eigin hönnunarstofu í borginni.

Young var orðinn gagnrýninn á umferðarteppur Lundúna og landlæga tiskudeiluna, flutti þaðan í fyrra og settist að í mannlegra umhverfi í Reykjavík. Fyrri verk hans eru þó í augljóslum tengslum við Lundúnalífið. „Smartie“-sófasætin og „Magazine“-sófinn eru fullkomlega í takt við lífnaðarhætti ungs fólks þar og þann endurvakta áhuga á mödernistahreyfingunni sem undanfarið hefur gengið yfir Bretland (ágæt dæmi eru lífsstill vinsælla hljómsveita eins og Oasis og Pulp).

Velgameiri en þessi staðbundna tilvísun í verkum Michaels Youngs er þó metnaður hans til að hanna hluti sem hægt er að fjóldaframleiða á viðráðanlegu verði án þess að slakað sé á gæðakröfum eða hönnunarhugmyndum. Meðal verkefna í vinnslu eru m.a. sólgleraugu og fyrirtæki eins og Magis, Rosenthal og Cappellini eru að þróa nýttahluti og húsgögn eftir hann. Á þessari sýningu í Listasafni Reykjavíkur hefur hann kosið að sýna öll þau verk sem hann hefur hannað í hvítum lit. Þetta er ekki vegna einhverrar margtugginnar naumhyggju eða upphafinna væntinga, heldur vegna þess að hann vonast til að þetta val verði til þess að gripirnir sýni með skýrum hætti hugmyndir hans um byggingu, efni og framleiðslu fremur en að endurspeglu einungis tiskustefnur augnabliksins.

Litum aftur á þá fullyrðingu sem sett var fram í upphafi þessarar greinar: Það er Lundúnaborg sem tengir saman þá Marc Newson, Jasper Morrison og Michael Young. Annaðhvort búa þeir þar (Newson og Morrison), gengu þar í skóla (Morrison og Young), eða þá að verk þeirra byggjast á stöðu borgarinnar sem deiglu nýrra hugmynda og miðstöðvar alþjóðlegra viðskipta (sem á við þá alla). En það væri misskilningur að líta á verkin á þessari sýningu sem breska hönnun. Þess í stað má segja að hér komi saman margvísleg áhrif, vinnuferli og hæfileikar. Slíkt er hvorki hægt að skilgreina sem afturvarf né framtíðarsýn, naumhyggju né eitthvað eingöngu nútímalegt. Það sem fyrir augu ber nær út fyrir landfræðileg mörk og stílegar skilgreiningar.

Vegna þessa er aðeins ein heiðarleg leið til að fullnægja þörf okkar fyrir merkimiða sem sameinar og skilgreinir þessi verk. Við getum sagt að þau séu afurðir síns tíma – að þau séu með réttu „afurðir árpúsundaskiptanna“ – og það getur enginn rengt.



## 0809 London is the Link

Marcus Field © editor of *Blueprint*, the international magazine of architecture, design and contemporary culture

London is the crucial link in the work of designers Marc Newson, Jasper Morrison and Michael Young. This might seem a curious connection, given that Newson is Australian and Young lives in Iceland, but there are good reasons for making this claim.

In the nineteenth century London became the pivotal point of the industrial world, the node from which almost all the globe's capital, knowledge and manufacturing processes were controlled. Over a hundred years later British manufacturing has declined and much of its wealth and power has been decentralised. Nevertheless its vast capital city is still one of the most important sites in the world for the exchange of money and ideas.

If you accept these facts – and the premise that design is the making of ideas into three-dimensional functional objects then suddenly the recent flourishing of international design studios in London seems a natural development. And when it comes to any discussion of designers of the younger generation in a British context there are few names more famous than Newson, Morrison and Young.

Marc Newson, 35, moved his studio from Paris to London in the autumn of 1997. His career, work and current mode of operation reflect the globalised culture and economy of the late twentieth century. Born in Sydney, Australia, he trained as a jeweller before shifting his allegiances to furniture design in his final year at college. Newson's childhood experiences in the New World context of the Sixties and Seventies are an enduring source of inspiration. Surfing, that great Australian passion, clearly played an important role in his early work, but other themes are more international. From space travel and sci-fi films to sports cars and aeroplanes, the designer's work is infected with the imagery of modernity.

Newson's earliest work draws on this lineage. His Lockheed Lounger, selected by Philippe Starck for the foyer of the Paramount hotel in New York, is made of beaten aluminium panels, a kind of hand-made homage to the semi-monocoque structure of an aeroplane. For his Orgone chair, also in polished aluminium, he worked with the English subcontractors who build Aston Martin cars.

Alongside these costly hand made pieces Newson now has an established reputation as a designer for industry. Among the companies he has worked for are Idee in Japan (he lived in Tokyo for four years) and the Italian companies Cappellini, B&B Italia, Magis and Flos. The designer's current projects include a bicycle made by Westland in Britain, the interior of a private jet and new products for Alessi.

Newson's furniture designs (including the Coast Chair and Bucky Ball) reveal the same interest in processes and materials which he shares with Young and Morrison. But the designer's role in the vibrant London restaurant, bar, art and fashion scene – as well as the speed of international communications and travel which are part of his life – are also reflected in the colourful, youthful and witty aspects of this work.

Jasper Morrison, 40 this year, set up his studio in London after graduating from the Royal College of Art in 1986. Like Marc Newson, he now uses the city as a base from which to work for a list of international clients including Alessi, Flos and Cappellini in Italy and Authentics and the city of Hanover in Germany for which he has famously designed a tram.

When Morrison first started out, however, his work and clients were very local. Among his earliest patrons was the London-based furniture manufacturer Sheridan Coakley. For Coakley's company SCP Morrison designed several products in tubular steel which were locally made. These early pieces – including side tables and stools – illustrate the designer's interest in the development of Modernist furniture in pre-war Britain and continental Europe.

From these early pieces to his internationally manufactured work of today, there is consistent evidence of Morrison's concern for the simple, clear expression of form and function (note the exposed screws in his refined Plywood chair for Vitra) as well as a love of materials and processes which he shares with both Newson and Young. Among his large and diverse portfolio of work are products in glass (the famous green bottles for Cappellini and recent Glo-ball range of lights for Flos), plastic (the wine rack for Magis), porcelain (the Moon tableware range for Rosenthal) as well as the more conventional materials of timber and steel. All are highly disciplined designs which characterise Morrison's serious and rigorous approach.

Despite their status as global products, made with the aid of fax, phone and digital technology, Morrison's work is still infused with a peculiarly understated English sense of poetry (revealed in titles like *The Thinking Man's Chair*) and wit (like the Op-la tray for Alessi which draws on the traditional butler's tray).

Like Jasper Morrison, Michael Young, 32, trained at Kingston University in London. After graduating in 1992 he spent some time in the workshop of Tom Dixon where, like Marc Newson, he made his earliest work by hand out of necessity. In 1995 he set up his own studio in the city.

*Although Young is now critical of the traffic-congested and style obsessed British capital which he left to live in the more civilised environment of Reykjavik last year, his earlier work was certainly informed by the culture of London. The Smartie cushion seats and Magazine Sofa are perfectly in tune with the youthful buzz and revival of interest in the Modern Movement that has swept Britain (typified by the lifestyles of pop bands like Oasis and Pulp).*

*But more significant than local context in Young's work is the ambition to design products which can be mass-produced at affordable prices without compromising either quality or design ideas. Current projects include designing a pair of sunglasses and the companies range from Magis, Cappellini, Sawaya & Moroni and Rosenthal. For this exhibition in the Reykjavik Art Museum he has chosen to show all his work in the colour white. This is not because of some trite minimalist or spiritualist intention, but because he hopes it might allow the pieces to communicate his ideas about structure, materials and production rather than simply to reflect current trends in style or fashion.*

*To return to the point made at the beginning of this introduction: Marc Newson, Jasper Morrison and Michael Young are all linked by London. They either live there, were educated there or their work draws upon the city's condition as a melting pot of ideas and hub for international business. But it would be a mistake to think of the work in this show as being British. Instead it represents the coming together of many influences, processes and skills. It is neither retro or futurist, minimalist or merely modern. It goes beyond geographic or stylistic definitions. For this reason there is only one fair way of satisfying our desire to find a label that unites and defines these objects. We can say they are the products of their time - they are truly 'millennial products' - and nobody can argue with that.*

01 universal system manufactured by cappelini



jasper

**morrison**

Jasper Morrison fæddist í Lundúnum árið 1959. Hann útskrifaðist frá Kingston-hönnunarskólanum í Lundúnum (1979-82) með BA – próf í hönnun, og stundaði síðan framhaldsnám við Konunglegu Listaakademiunaog lauk þar MA – námi 1985 (Des. RCA). Árið 1984 var hann skiptinemi við HdK – skólann í Berlín.

1986 setti hann á fót eigin hönnunarstofu í Lundúnum. Verk hans voru valin á Documenta 8 í Kassel árið 1987, en þar hannaði hann fréttamiðstöð Reuters. Árið eftir var horum boðið að taka þátt í „Hönnunarverkstæði“ í DAAD galleríinu sem var hluti af dagskrá menningarborgarinnar Berlínar.

Um þetta leyti var hann byrjaður að hanna vörur fyrir þýska hurðarhúnaframléiðandann FSB, skrifstofuhúsgagnafyrirtækið Vitra, og fyrir ítalska húsgagnafyrirtækið Cappellini. 1992 fékk ný lína af hurðarhúnum fyrir FSB þrenn viðurkennd verðlaun fyrir hönnun í Þýskalandi. Önnur verkefni hans hafa einnig verið verðlaunuð í Þýskalandi og á Ítalíu, og hönnunarverk hans er að finna í fjölmörgum söfnum um allan heim, m.a. Nútímalistasafninu í New York (þar sem Lima – stóllinn frá Cappellini og flöskustandur frá Vitra eru á fastasýningu safnsins).

Ásamt James Irvine skipulagði hann árið 1992 Progetto Oggetto fyrir Cappellini, sem er safn heimilismuna sem voru hannaðir í samvinnu við hóp ungra evrópskra hönnuða. Hann vann einnig með Andreas Brandolini og Axel Kufus við fjölbreyttar innsetningar, hönnun sýninga og að skipulagsverkefnum fyrir borgir undir hatti 'Utilism International' (alþjóðlegu nytjastefnunnar).

Árið 1994 var Jasper Morrison heiðursgestur og verk hans viðfangsefni sérstakrar sýningar á Interieur '94 sýningunni í Belgíu. 1995 tók hann þátt í stórrí hönnunarsamsýningu í Hönnunarlistasafninu í Frankfurt, og hélt einnig einkasýningu í Arc en Réve Centre d'architecture í Bordeaux. Hann byrjaði að starfa sem ráðgjafi fyrir Ústra, fyrirtæki almenningsgangna í Hannover, með því að hanna biðskýli fyrir borgina.

1995 fékk hönnunarstofa Morrisons samning um að hanna nýjan sporvagn fyrir Hannover fyrir Expo 2000; þetta er stærsti samningur (fyrir um 20 milljarða íslenskra króna) sem veittur hefur verið í Evrópu vegna framleiðslu á léttum járnbrautum. Fyrsti sporvagninn var kynntur opinberlega í júní 1997 á iðnsýningunni í Hannover, og hlaut verðlaun fyrir hönnun farartækja og umhverfisverðlaun.

Meðal nýlegra verkefna Morrisons má nefna stól fyrir La Tourette – klaustrið (teiknað af Le Corbusier); kennslu við Konunglegu Listaakademiuna ásamt Michael Marriott; ritstjórn Hönnunarár- bókariðinnar fyrir 1999; hönnun sýningar á verkum Louis Barragans fyrir Vitra – hönnunarsafnið og Barragan – stofnunina; samsýning með Michael Young og Marc Newson í Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum.

Hönnunarstofa – Jaspers Morrisons – hefur undanfarið hannað fyrir eftirtalin fyrirtæki:

Alessi Spa, Ítalíu; Alias Srl, Ítalíu; Artifort, Hollandi; BETTE GmbH & Co., Þýskalandi; Bree Collection GmbH, Þýskalandi; Cappellini Spa, Ítalíu; Colobo Design Spa, Ítalíu; Fios Spa, Ítalíu, FSB GmbH, Þýskalandi; Mabeg GmbH & Co., Þýskalandi; Magis Srl, Ítalíu; Rosenthal AG, Þýskalandi; SCP Ltd, Englandi; Hönnunarmiðstöð Sony í Evrópu; Ústra AG, Þýskalandi; Vitra International AG, Sviss.

Í eftirtöldum ritum er að finna ítarlegar greinar um verkefni sem nefnd eru hér að ofan: Domus N°694, maí 1988; Ottogono Nfl100, september 1991; Casa Vogue Nfl243, júlí/ág. 1992; Domus N°742, október 1992; Ottogono N°106, mars 1993; Domus N°762, júlí/ág. 1994; Architecture D'Aujourd'hui N°300, september 1995; Ottogono, mars 1996; Design Report (Stadtbahn 2000), júlí 1996; Abitare, júlí/ág. 1996; Domus N°798, nóvember 1997; I.D., mars/apr. 1998; Bauwelt, júní 1998.

02 ply chair manufactured by vitra



03 atlas system manufactured by alias



04 tw2000 for ústra ihb



Jasper Morrison was born in London in 1959, and graduated in Design at Kingston Polytechnic Design School, London (1979-82) BA (Des.) and The Royal College of Art for Post Graduate studies (1982-85 MA (Des.RCA). In 1984 he studied at Berlin's HdK on a Scholarship.

In 1986 he set up an Office for Design in London. His work was included in the Documenta 8 exhibition in Kassel in 1987, for which he designed The Reuters News Centre. The following year he was invited to take part in "Design Werkstatt", a part of the "Berlin, Cultural City of Europe" program, exhibited at the DAAD Gallery.

At this time he began designing products for the German door handle producer FSB, the Office furniture company Vitra, and the Italian furniture producer, Cappellini. In 1992 a new series of door handles for FSB were awarded the Bundespreis Produkt Design, an Industrie Forum "Top Ten" Design Prize, and a Nord Rhein Westfalen Design Zentrum Prize. Other projects have received IF awards, Design Plus awards and selection for Italy's Compasso D'Oro. His designs are in the collections of several museums throughout the world including The Museum of Modern Art (permanent collection) in New York ('Lima' chair, prod. Cappellini; 'Bottle' bottle rack, prod. Magis).

In 1992 together with James Irvine, he organised Progetto Oggetto for Cappellini, a collection of household objects designed together with a group of young European designers. He also worked with Andreas Brandolini and Axel Kufus on a variety of installations, exhibition designs and town planning projects under the umbrella of Utilism International.

In 1994 Jasper Morrison was guest of honour and the subject of an exhibition at the Interieur '94 exhibition in Belgium. In 1995 he took part in a major group exhibition of Design at Frankfurt's Museum für Kunsthandwerk, and held a solo exhibition at Bordeaux's Arc en Rêve Centre d'architecture. He began a consultancy

with Üstra, the Hannover Transportation Authority, by designing a Bus Stop for the City.

In 1995 Jasper Morrison's office was awarded the contract to design the new Hannover Tram for Expo 2000, the largest European light rail production contract at 500 Million Deutschmarks. The first vehicle was presented to the public in June 1997 at the Hannover Industrial Fair, and awarded the IF Transportation Design Prize and the Ecology award.

Recent projects include a chair for the Le Corbusier designed monastery of La Tourette near Lyon; teaching a unit of Royal College of Art students together with Michael Marriott; editing the 1999 Design Year Book; an exhibition design on the work of Louis Barragan for the Vitra design Museum and Barragan Foundation; an exhibition with Michael Young and Marc Newson at the Museum of Modern Art, Reykjavik.

Jasper Morrison - Office for Design recently and, in most cases, currently design for the following companies:

Alessi Spa, Italy; Alias Srl, Italy; Artifort, Holland; BETTE GmbH & Co., Germany; Bree Collection GmbH, Germany; Cappellini Spa, Italy; Colombo Design Spa, Italy; Fios Spa, Italy; FSB GmbH, Germany; Mabeg GmbH & Co., Germany; Magis Srl, Italy; Rosenthal AG, Germany; SCP Ltd., London; Sony Design Centre Europe; Üstra AG, Germany; Vitra International AG, Switzerland.

The following publications contain major articles on the projects mentioned above: Domus N°694, May 1988; Ottagono N°100, September 1991; Casa Vogue N°243, Jul/Aug 1992; Domus N° 742, October 1992; Ottagono N° 106, March 1993; Domus N° 762, Jul/Aug 1994; Architecture D'Aujourd'hui N° 300, September 1995; Ottagono, March 1996; Design Report (Stadtbahn 2000), July 1996; Abitare, Jul/Aug 1996; Domus N° 798, November 1997; I.D. March/Apr 1998; Bauwelt, June 1998.

06 lima manufactured by cappellini



06 door handle manufactured by feb. 07 bottle rack manufactured by magis







# marc newson

01 bottle opener manufactured by Alessi. 02 soap dish manufactured by Alessi



02

**1963:** Marc Newson fæddist í Sydney, Ástralíu.

**1980-84:** Leggur stund á nám í skartgripasmíði og gerir í framhaldi af því tilraunir í húsgagnahönnun við Listaskólann í Sydney.

**1984:** Fær styrk hjá Handiðaráði Ástralíu, og heldur sýningu þar sem Lockheed Lounge (LC1) er í heiðurs sessi.

**1985-90:** Flytur frá Sydney til Tókyó, fæst við húsgagnahönnun og gerir tilraunir með hönnun framleiðsluvöru og innréttinga. Vinnur fyrir ýmsa viðskiptavinum, þar á meðal IdÉe og Shiseido.

**1991:** Setur á fót vinnustofu í París. Hannar nýjar vörur fyrir Cappellini og Flos.

**1992:** Event Horizon-borðið sýnt í fyrsta sinn. Hannar Skoda-Boutique í Berlín.

**1993:** Er útnefndur „Hönnuður ársins“ á Salon du Meuble í París.

**1994:** Hannar Gello-borðið fyrir 3 Suisses-fyrirtækið. Ikepod-úrallan er sett á markað með Seaslug-kafaraúrinu.

**1995:** Skapar Bucky, innsetningu fyrir Cartier-samtímalista-stofnunina í París. Hannaði Coast-veitingahúsið í Lundúnum.

*1963: Life begins for Marc Newson: born in Sydney, Australia.*

*1980-84: Studies as a jeweller, and subsequently experiments with furniture design at Sydney College of Art.*

*1984: Is awarded grant from the Australian Crafts Council, and stages an exhibition featuring the Lockheed Lounge (LC1).*

*1985-90: Moves from Sydney to Tokyo, develops new furniture designs, while experimenting with product and interior design. Works for diverse clients including IdÉe and Shiseido.*

*1991: Sets up Paris studio. Designs new products for Cappellini and Flos.*

*1992: Event Horizon table first exhibited. Designs Skoda Boutique in Berlin.*

*1993: Is awarded "Designer Of The Year" award at the Paris "Salon du Meuble".*

*1994: Designs Gello table for 3 Suisses. The Ikepod watch collection is initiated with the Seaslug diving watch.*

*1995: Creates the Bucky, a sculptural installation for the Cartier*

*1996: Hannar Syn-upptökuverið í Tókyó, smásölukerfi fyrir W&LT-tegund Walter Van Beirendonck's, veitingahúsið Osman í Köln, sölubúðir Apple-tólva, og nýjar vörur fyrir Alessi og Magis, og auk þess „Hemipode“-úrið fyrir Ikepod-línuna. Setur upp yfirlitssýningu í Villa Noailles í Hyères, Frakklandi.*

*1997: Opnar hönnunarstofu í London. Heldur áfram samvinnau við Cappellini, Flos og Magis. Meðal nýrra verkefna má nefna húsgagnahönnun fyrir Vitra og B&B, og fjölbreytt búsáhöld fyrir Alessi.*

*1998: Kynning á Bucky- og Orgone-stólum úr plasti, Megapode- og Isopode-úrum fyrir Ikepod-línuna, safnainsetning og verslun fyrir Walter Van Beirendonck, glörovru fyrir littala, Finnlandi, og unnin innrétting fyrir Falcon 900B einkabotu.*

*1999: Sýning í Glasgow, álreiðhjól, innréttingaverkefni í Hollandi og í Bandaríkjunum, og útgáfa yfirlitsbókar um verk Marc's til þessa.*

Marc Newson er fastur fyrirlesari við Konunglegu listaakademíuna í Lundúnum og flytur auk þess boðsyrirlestra um allan heim.

*Contemporary Art Foundation in Paris. Designed Coast restaurant in London.*

*1996: Designs Syn recording Studio in Tokyo, a retail system for Walter Van Beirendonck's W&LT brand, Osman restaurant in Cologne, an Apple Computers Shop concept, and new products for Alessi and Magis, as well as the Hemipode watch for Ikepod. Stages a retrospective at Villa Noailles in Hyeres, France.*

*1997: Opens a studio in London. Ongoing collaborations with Cappellini, Flos, and Magis. New projects include furniture designs for Vitra and B&B, and a range of household products for Alessi.*

*1998: Launch of Bucky and Orgone plastic chairs, Megapode and Isopode watches for Ikepod, museum installation and shop for Walter van Beirendonck, glassware for littala, Finland, and an interior treatment for a Falcon 900B private jet.*

*1999: Exhibition for Glasgow 1999, an aluminium bicycle, interiors projects in the Netherlands and the USA, and the publication of a major retrospective book on Marc's work.*

Marc Newson lectures by invitation worldwide and at the Royal College of Art, London.



04 dish doctor manufactured by magis





06 towel hook manufactured by Alessi

# michael young







03 magazine sofa manufactured by my022. 04 my studio vase. 05 my studio flatlight. 06 rim table manufactured by cambria chrome. 07 fly sofa manufactured by e&y



04




05



06







**1966:** Michael Young fæddur í Sunderland, Englandi.

**1989-92:** Nám í húsgagna- og vöruhönnun við Kingstonsháskólann (3. heiðursverðlaun). **1988-89:** Listastofnunin, Tækniháskóla Sunderland.

**1990-94:** Tom Dixon (Space). **1994-1999:** MY 022 (Lundúnum/Íslandi).

**1994:** GALERIE GLADYS MOUGIN, París; hugmynd – einkasýning. CRAFTS COUNCIL, Lundúnum; samsýning – Jane Atfield, Michael Marriott. E&Y WEST, Tókyó; samsýning – Sebastien Bergne, Charlotte Pack, Annette Nix. E&Y WEST, Hong Kong; samsýning – (sama og í Tókyó).

**1995:** 100%, Lundúnum MY 022 – kynning. E&Y CO, Tókyó; hugmynd – einkasýning. TALENTE 95, München; hönnunarsamkeppni (sigurvegari).

**1996:** SALON DE MEUBLE, París; samsýning. E&Y/MY 022 – kynning. E&Y CO, Kyóto; hugmynd – einkasýning. NEOTU, París; hugmynd – einkasýning – MY 022.

*1966: Michael Young was born in Sunderland England*

*1989-92: Furniture & Product Design, Kingston University (3rd class honours degree). 1988-89: Art Foundation, Sunderland Polytechnic (pass)*

*1990-94: Tom Dixon (Space). 1994-99: MY 022 (London / Iceland)*

*1994: GALERIE GLADYS MOUGIN, Paris. Concept-solo. CRAFTS COUNCIL, London. Group show – Jane Atfield, Michael Marriott. E&Y WEST, Tokyo. Group show – Sebastien Bergne, Charlotte Pack, Annette Nix. E&Y WEST, Hong Kong. Group show, (as above)*

*1995: 100%, London, MY 022 – presentation. E&Y CO, Tokyo. Concept-solo. TALENTE 95, Munich. Design Competition (winner).*

*1996: SALON DE MEUBLE, Paris. E&Y/MY 022 – presentation. E&Y CO, Kyoto. Concept-solo. NEOTU, Paris. Concept-solo-MY 022.*

*1997: SALON DE MEUBLE, Paris. MY 022 synapse installation – Kenjiro, Jeremy Lord. Domeau & Peres – presentation. SPACE,*

*1997: SALON DE MEUBLE, Paris; MY 022 synapse innsetning – Kenjiro, Jeremy Lord. Domeau & Peres; kynning. SPACE, Lundúnum; MY 022 synapse innsetning – Kenjiro, Jeremy Lord. SCHMIT, Konstanz; hugmynd – einkasýning. MY 022 – John Issacs, Jeremy Lord. SYNAPSE, Fukuoka. MY 022 synapse innsetning – Fly, Jeremy Lord, Kenjiro. INTERNOS, Milanó; hugmynd – einkasýning. MY 022 – John Issacs, Jeremy Lord.*

*1998: OIKOS, Aþenu; samsýning – Tom Dixon, Ron Arad, Marc Newson, Mike Sodeau. CAPPELLINI, Lundúnum; hugmynd – einkasýning – mót minnisleysis – John Issacs, Katrín Pétursdóttir. TOTEM, New York; samsýning – Inflate. CAPPELLINI, Milanó; kynning. SAWAYA & MORONI, Milanó; kynning. CHRISTOPHER FARR, Lundúnum; samsýning – Mike Sodeau, Gunta Stolz, Josef Herman.*

*1999: MOSS, New York; hugmynd – einkasýning. JA, Los Angeles; hugmynd – einkasýning. ORRIZZONTI, Tókyó; hugmynd – einkasýning. LISTASAFN REYKJAVÍKUR, Kjarvalsstöðum; samsýning – Marc Newson, Jasper Morrison. SALON DE MEUBLE, París; CambraiChrome – kynning. GALERIE ARTIFICIAL, Köln; samsýning – Tom Dixon, Inflate, Marc Newson, El ultimo grito.*

*London. MY 022 synapse installation – Kenjiro, Jeremy Lord. SCHMIT, Konstanz. Concept-solo. MY 022 – John Issacs, Jeremy Lord. SYNAPSE, Fukuoka. MY 022 synapse installation – Fly, Jeremy Lord, Kenjiro. INTERNOS, Milan. Concept-solo. MY 022 – John Issacs, Jeremy Lord.*

*1998: OIKOS, Athens. Group show – Tom Dixon, Ron Arad, Marc Newson, Mike Sodeau. CAPPELLINI, London. Concept-solo-matrix of amnesia – John Issacs, Katrín Pétursdóttir. TOTEM, New York. Group show – Inflate. CAPPELLINI, Milan. Presentation. SAWAYA & MORONI, Milan. Presentation. CHRISTOPHER FARR, London. Group show – Mike Sodeau, Gunta Stolz, Josef Herman. ENGLENDER, London. Presentation. GALERIE ARTIFICIAL, Cologne. Group show – Tom Dixon, Inflate, Jeremy Lord.*

*1999: JA, Los Angeles. Concept-solo. ORRIZZONTI, Tokyo. Concept-solo. Reykjavík Art Museum, Kjarvalsstaðir. Group show – Marc Newson, Jasper Morrison. SALON DE MEUBLE, Paris. CambraiChrome – presentation. GALERIE ARTIFICIAL, Cologne. Group show – Tom Dixon, Inflate, Marc Newson, El ultimo grito.*

Eltirfarandi aðilar hafa styrkt sýninguna og/eða lánað verk á sýninguna/  
*The following have provided support for the exhibition and/or loaned works for the exhibition:*

Alessi Spa, Ítalíu; Alias Srl, Ítalíu; Cappellini Spa, Ítalíu; Flos Spa, Ítalíu; Magis Srl Ítalíu; Saway & Moroni Spa, Ítalíu; Vitra International AG, Sviss; og GKS hf., Íslandi; Cambrai Chrome, Frakklandi; Rosenthal AG, Þýskalandi; Die Neue Sammlung, München, Þýskalandi; E&Y Co. Ltd., Japan; Blueprint – magazine, Bretlandi; Kenjiro (kenjiro@about.or.jp); NON hf.; Christopher Farr; Beef, Frakklandi; Matt Hobbs.

Menningarmálanefnd Reykjavíkur/  
*The Cultural Committee of the city of Reykjavik:*

Guðrún Jónsdóttir, formaður  
Guðrún Agústs dóttir  
Anna Geirsdóttir  
Júlíus Vífil Ingvarsson  
Eypör Arnalds

Finna Birna Steinsson  
Tryggvi Baldvinsson

Forstöðumaður Listasafns  
Reykjavíkur/Director of the Reykjavik Art  
Museum: Eiríkur Þorláksson

Þýðing/Translation: Eiríkur Þorláksson

Yfirllestur handrita/Proofreading:  
Mörður Arnason

Hönnun sýningarskrár/Catalogue design:  
Simon Clark & Sébastien Dragon (Beef)

Úmsjón með gerð sýningarskrár/Catalogue  
production: Ólaf K. Sigurðardóttir

Prentun og bókbönd/Printing and  
bookbinding: Grafík hf.

© Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur

ISBN 9979-874-92-9

